



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogsbær
Bæjarráð Kópavogs
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 6. september 2021

2109164/000.00 ÁAK

Efni: Til bæjarráðs vegna tillögu að reglum um stofnframlög

Meðfylgjandi eru drög að reglum um stofnframlög fyrir Kópavogsbæ. Reglurnar eru setta á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir. Tilgangur þeirra er að meta umsóknir um stofnframlög til bygginga eða kaupa á íbúðum sem ætlaðar eru fjölskyldum og einstaklingum í Kópavogi sem eru undir tekju- og eignarmörkum 10. gr. laga um almennar íbúðir. Veitingu stofnframlaga er þannig ætlað að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir í Kópavogi á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda, þ.m.t. fyrir námsmenn, ungt fólk, aldraða, fatlað fólk og fólk sem ekki er fært um að sjá sér fyrir húsnæði sökum félagslegra aðstæðna eða verulegs fjárhagsvanda. Þessi markmið falla vel að húsnæðisstefnu og húsnæðisáætlun Kópavogsbæjar.

Í reglunum er að finna málsmeðferðarreglur fyrir matsnefnd bæjarins sem lagt er til að sé skipuð fulltrúum velferðarsviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og stjórnsýslusviðs. Þá eru í reglunum ákvæði um hvaða skilyrði umsækjendur verða að uppfylla, samþykki umsókna, greiðslu stofnframlags, kvaðir sem þeim fylgja o.fl.. Matsnefndin skal ávallt leggja tillögu til greiðslu stofnframlags undir bæjarstjórn til samþykktar.

Virðingarfyllst,
f.h. lögfræðideildar

Ása A Kristjánsdóttir, hdl.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026